



Reykjavík 28. febrúar 2023

Umhverfis- og skipulagsráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 15. febrúar 2023 nr. USK23020013 um hvort fylgst sé með aksturslagi strætóbílstjóra

Í grunn- og nýliðabjálfun er ítarlega farið yfir mikilvægi góðs aksturslags vagnstjóra þannig að umgengni við vagninn og öryggi farþega og annarra vegfarenda sé tryggt. Jafnframt er lögð áhersla á að þjónustuviðmiðunum sé framfylgt og vagnstjórar sýni ávallt kurteisi og þjónustulund.

Viðskiptavinir Strætó eru duglegir að láta vita ef brestur verður á þessum hluta þjónustunnar. Allar slíkar ábendingar eru skráðar í ábendingakerfi One Systems, flokkaðar eftir alvarleika í flokkana *aksturslag* og *framkoma vagnstjóra*. Ef alvarleiki ábendinganna er metinn þess eðlis að um alvarlegt atvik er að ræða er atvikið rýnt með gögnum og samtölum við hlutaðeigandi aðila og viðurlögum beitt í samræmi við gildandi kjarasamning Strætó bs. og Sameykis stéttarfélag.

Yfirlit yfir fjölda ábendinga (án alvarleikaflokkunar) í flokkunum aksturslag og framkoma vagnstjóra Strætó á höfuðborgarsvæðinu 2018-2022:

Aksturslag

2018	2019	2020	2021	2022
317	334	208	302	352

Framkoma

2018	2019	2020	2021	2022
321	385	293	342	560

Virðingarfyllt,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri

Strætó bs.
Hesthals 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
stræto.is